

REGLUR

um afslátt af fasteignaskatti hjá Múlaþingi.

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Múlaþingi er veittur afsláttur af fasteignaskatti af samþykktu íbúðarhúsnæði, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Múlaþingi sem búa í eigin íbúð og:

- eru 67 ára við upphaf álagningarárs, eða eldri,
- hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs,
- hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði,
- hafa ekki fullvinnandi einstakling/einstaklinga, aðra en maka búsetta á heimilinu,
- skilað hafa inn með umsókninni staðfestu afriti af skattframtali síðastliðins árs ásamt yfirliti yfir fjármagnstekjur sama árs.

3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr.

Ef fleiri en einn íbúðareigandi er að eign og ekki báðir/allir uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 98.894.

Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eignatekna og 50% fjármagnstekna síðastliðins árs, samkvæmt skattframtali.

Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks (tekjur í reitum 2.7 og 3.10 á skattframtali).

5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Einstaklingar:

Fullur afsláttur skv. 4. gr. ef tekjur eru allt að kr. 3.800.000

Enginn afsláttur ef tekjur eru yfir kr. 4.940.000

Hjón og samskattað sambýlisfólk:

Fullur afsláttur skv. 4. gr. ef tekjur eru allt að kr. 5.343.787

Enginn afsláttur ef tekjur eru yfir kr. 6.769.828

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.

6. gr.

Hægt er að sækja umsóknareyðublað á heimasíðu sveitarfélagsins, www.mulathing.is. Með umsókn skal skila afriti af skattframtali vegna síðastliðins árs, staðfestu af ríkisskattstjóra, með útfylltu yfirliti yfir fjármagnstekjur. Einnig skal fylgja afrit örorkuskírteinis ef umsækjandi er 75% öryrki.

7. gr.

Sveitarstjórn Múlaþings endurskoðar tekjumörk og hámark afsláttar í nóvember ár hvert.

Samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings, 8. desember 2021.

Björn Ingimarsson sveitarstjóri.